

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

SUDURLANDSBRAUT 4
108 REYKJAVÍK

SÍMI 510 1500 PÓSTUR PFS@PFS.IS
FAX 510 1509 VEFUR WWW.PFS.IS



Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu

Reykjavík, 14.8.2020

Málsnúmer: 2020010024
Málalykill: 15.1

Málefni: Upplýsingabeidni um fjarskiptainnviði

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun hefur stofnunin ýmsum lögbundnum verkefnum að gegna varðandi fjarskiptainnviði, t.d. að „hvetja til skilvirkra fjárfestinga í innviðum fjarskipta og stuðla að nýbreytni“, sbr. b.-lið 2. töluliðar, „hvetja til uppsetningar og þróunar fjarskiptaneta og gagnvirkni þjónustu sem nær til allra ríkja innan EES“, sbr. b.-lið 3. töluliðar. Þá ber stofnuninni að „vinna að því að allir landsmenn eigi aðgang að alþjónustu“, sbr. a.-lið 4. töluliðar, og gera ráðstafanir til að „tryggja að heildstæði og öryggi almennra fjarskiptaneta sé viðhaldið.“ sbr. f.-lið 4. töluliðar ákvæðisins.

Til að vinna að framangreindum verkefnum og fleirum er Póst- og fjarskiptastofnun fengnar heimildir að lögum til að kalla eftir upplýsingum frá fjarskiptafyrirtækjum um fjarskiptainnviði. Samkvæmt 62. gr. a í fjarskiptalögum er Póst- og fjarskiptastofnun ætlað að halda gagnagrunn um þessar upplýsingar (Gagnagrunn almennra fjarskiptainnviða – GAF) og vinna úr þeim upplýsingar, m.a. í eftirfarandi tilgangi:

- eftirlits með virkni, öryggi og heildstæði fjarskiptaneta,
- aðgerða til að finna og koma í veg fyrir skaðlegar fjarskiptatruflanir,
- gerðar korta um útbreiðslu fjarskiptasendinga,
- greiningar á markaðsbresti vegna ríkisaðstoðar,
- greiningar á samkeppni á fjarskiptamörkuðum,
- athugunar á samlegðartækifærum og samnýtingu fjarskiptainnviða.

Samkvæmt 2. mgr. 62. gr. a fjarskiptalaga, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 125/2019 um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraðafjarskiptaneta, er fjarskiptafyrirtækjum skylt að veita Póst- og fjarskiptastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til skráningar í gagnagrunninn á því formi sem stofnunin ákveður. Með hliðsjón af 1. mgr. ákvæðisins geta hér verið um að ræða upplýsingar um staðsetningu og tæknilega eiginleika almennra fjarskiptaneta, bæði um virka og óvirka kerfishluta.

Með vísan til tilvitnaðs ákvæðis óskar Póst- og fjarskiptastofnun eftir því að fjarskiptafélagið afhendi stofnuninni upplýsingar um fjarskiptainnviði. Nánar til tekið er óskað eftir eftirfarandi upplýsingum:

Upplýsingar er varða fasteignir / mannvirki sem geta tengst netinu nú þegar. Einnig er óskað eftir gögnum er sýna hnitsetta legu fjarskiptainnviða, þ.e. ljósleiðaralagna, koparlagna, röra, tækjahúsa og götuskápa. Miða skal við stöðuna þann 1. janúar eða 1. júlí (eftir því hvenær óskað er eftir gögnum).

Með vísan til sama ákvæðis er farið fram á að umbeðnum upplýsingum sé skilað á eftirfarandi formi:

Um fasteignir með möguleika á tengingu

Gögnin séu á eftirfarandi formi:

Gögn á að fylla inn í skrá (stadalistar_05082020) frá Póst- og fjarskiptastofnun sem send er í opinbert veffang sveitarfélags. Skrá á upplýsingar um fasteignir/mannvirki sem geta tengst netum og upplýsingar um fasteignir/mannvirki sem hafa rör eða streng í eða að fasteign/mannvirki en geta ekki tengst sem stendur (eigi það við). Gögn um hámarks upphals- og niðurhalshraða (hæsta hraða sem vænta má a.m.k. einu sinni á dag) sem hægt er að ná í viðkomandi fasteign/mannvirki miðað við upplýsingar félagsins. Gögn um upphals- og niðurhalshraða sem almennt má búast við á háannatíma. Athugið að miða á við hæfni nets óháð smásöluafurðum. Gögn um eiganda netsins. Gögn um aldur tengingar.

Lýsigögn

Meta þarf hvort þörf sé á lýsigögnum (e. metadata) eða gögnum sem lýsa gögnum.

Um legu ljósleiðaralagna, koparlagna, tækjahúsa og götuskápa

Gögnin séu á eftirfarandi formi:

Einungis þarf að skila gögnum varðandi staðsetningu fjarskiptainnviða fyrir alla innviði utan tækjahúsa. Gögn um tækjahús eiga einnig að innihalda auðkenni. Það auðkenni ætti að fylgja sem notað er á milli fjarskiptafélaga eða ef húsið er einungis notað af fjarskiptafélaginu sjálfu, sem víðast innan fjarskiptafélagsins. Skila skal gögnum úr teikniforritum á Shapefile format (að minnsta kosti shp, shx, dbf og prj) eða Cad format (dwg, dgn eða dxf). Gögnin verða að vera hnitsett svo að hægt sé að staðsetja þau í landfræðilegum upplýsingakerfum. Slíkar skrár er t.a.m. hægt að vinna í ArcGIS, QGIS, AutoCAD eða MicroStation. Skrár unnar í AutoCAD og MicroStation eru oft ekki hnitsettar í landfræðilegu hnitakerfi en hægt er að hnitsetja þær á þann veg. Notast skal við íslenska landshnitakerfið (ISN93) eða World Geodetic System fyrir GPS gögn (WGS 1984). Ef staðsetningar eru í hnitkerfinu WGS 1984 ættu hnitin að vera í „Decimal degrees“. Hafa skal auðkennisdálk undir heitinu „id“ og þar skal vera einkvæm tala fyrir hvern reit. Dálkinn skal skilgreina sem heiltöludálk (int).

Lýsigögn

Meta þarf hvort þörf sé á lýsigögnum (metadata) eða gögnum sem lýsa gögnum.

Gögn um legu ljósleiðaralagna á grundvelli samninga um Ísland ljóstengt

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur frá 2016 staðið fyrir landsátakinu *Ísland ljóstengt* þar sem fjarskiptasjóði er falinn undirbúningur, fjármögnun og framkvæmd fyrir hönd ríkisins. Ráðuneytið hefur jafnframt veitt fjármunum af byggðaaætlun til að styðja við tiltekin sveitarfélög á grundvelli byggðasjónarmiða. Þá hefur Póst- og fjarskiptastofnun stutt við *Ísland ljóstengt* með ýmsum hætti. Verkefnið hefur gengið vonum fram og er lokaúthlutun á

grundvelli þess áformuð næsta vetur. Tímabært er því að fá fram stöðu allrar raunverulegrar og fyrirhugaðrar ljósleiðaravæðingar sveitarfélaga í formi legu ljósleiðaralagna.

Framkvæmd sveitarfélaga á grundvelli *Ísland ljóstengt* er mislangt komin. Einhver sveitarfélög hafa þegar lokið sinni uppbyggingu, skilað fullnægjandi gögnum til Póst- og fjarskiptastofnunar og gert upp sína styrktarsamninga við sjóðinn og ráðuneytið. Önnur eru skemur komin í undirbúningi eða framkvæmd en eiga það sameiginlegt að hafa þegar fengið greitt 40% eða jafnvel 80% af andvirði styrktarsamninga frá ríkinu. Einstaka sveitarfélag hefur ekki enn tekið þátt í *Ísland ljóstengt* eða á eftir að sækja um styrk fyrir tiltekið svæði þar sem fyrirhugað sveitanet hefur þegar verið grófhannað hið minnsta í tekniforriti.

Fjarskiptasjóður getur á grundvelli 6. greinar styrktarsamninga við sveitarfélög aflað gagna á öllum stigum undirbúnings og uppbyggingar sveitarfélaga á sveitanetum. Í niðurlagi þeirrar greinar segir: „*Sveitarfélagið skal hafa samráð við fjarskiptasjóð um endanlegt leiðarval og hönnun til að tryggja samræmingu milli sveitarfélaga og landsvæða sem og vegna hagsmuna opinberra aðila.*“

Með þessari upplýsingabeitni Póst- og fjarskiptastofnunar er ofangreint ákvæði í öllum styrktarsamningum fjarskiptasjóðs virkjað í þeim tilgangi að stjórnvöld fái brátt fram heildstæða mynd af raunverulegri og fyrirhugaðri legu allra sveitaneta, bæði styrktan og óstyrktan hluta þeirra. Til þess að ná því fram þarf að bæta skil nokkurra sveitarfélaga eða fjarskiptafyrirtækja, verkfræðistofa og annarra ráðgjafa fyrir hönd sveitarfélaga, á nothæfum gögnum um legu fyrirbyggjandi eða fyrirhugaðra sveitaneta.


Æskilegt er að innsend gögn um sveitanet uppfylli þær lágmarkskröfur sem Póst- og fjarskiptastofnun gerir um skil á gögnum um fjarskiptainniði á hverjum tíma. Með hliðsjón af eðli og umfangi þessa hluta upplýsingabeitinnar, þá er vikið frá þeirri kröfu. Mestu skiptir nú að ná fram heildaryfirsýn yfir stöðu lokinnar, yfirstandandi og fyrirhugaðrar legu ljósleiðara allra sveitaneta. Það þýðir að innsend gögn um sveitanet í uppbyggingu eða fyrirhuguð sveitanet þurfa, sé þess nokkur kostur, að vera á e.k. Shapefile format (að minnsta kosti shp, shx, dbf og prj) eða Cad format (dwg, dgn eða dxf).

Náist ekki, eða ekki eru forsendur fyrir því að hnitsetja gögnin í tíma, þá má skila gögnum að þessu sinni án hnitsetningar. Taka þarf fram hversu endanleg/fullbúin gögnin eru. Myndræn gögn í GAF sem byggja ekki á endanlegum hnitsettum gögnum verða merkt sem slík með sérstökum lit til aðgreiningar frá staðfestum gögnum.

Með þessu fá stjórnvöld fram það yfirlit sem nauðsynlegt er til greiningar á stöðu ljósleiðaralagna nú og í fyrirsjáanlegri framtíð.

Frestur til að afhenda Póst- og fjarskiptastofnun umbeðnar upplýsingar er veittur til 31. ágúst 2020. Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,


Linnja Bjargey Petursdóttir